



Akureyri 29.11.2023

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Vegna máls 468: Skattar og gjöld (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.) 154. löggjafarþing

Efni: Andmæli Akureyrarbæjar og Hafnasamlags Norðurlands vegna mögulegs afnáms tollfrelsis skemmtiferðaskipa.

Liður 3.6. í frumvarpi til laga (afnám tollfrelsis)

Akureyrarbær og Hafnasamlag Norðurlands bs sem rekur hafnir á Akureyri, Grenivík, Svalbarðseyri, Hjalteyri, í Grímsey og Hrísey, telja nauðsynlegt að endurskoða hugmyndir um afnám tollfrelsis skemmtiferðaskipa. Komur skemmtiferðaskipa eru orðnar ráðandi í rekstri samlagsins og reikna má með að ríflega 60% af heildartekjum ársins 2023 komi frá skemmtiferðaskipum. Jafnframt er ljóst að ef af afnámi tollfrelsis verður muni líklega öll þau litlu skemmtiferðaskip sem heimsækja Grímsey (42 skip 2023) og Hrísey (11 skip 2023) hætta að sigla til þessara hafna. Rétt er að undirstrika að um brothættar byggðir er að ræða. Flest þessara skipa eru ný og sennilega með umhverfisvænustu skipunum. Um er að ræða efnaða ferðamenn sem skilja mikið eftir sig.

Jafnframt andmæla undirrituð þeim fullyrðingum að um svokölluð hótelskip sé að ræða, sbr. lokamálslið í lið 3.6 í framangreindu frumvarpi, þ.e. þau eru sögð vera „skip sem eru í höfn í lengri tíma í beinni samkeppni við innlenda rekstraraðila, til að mynda gististaði og veitingahús.“ Engin slík skip hafa verið á Íslandi í áratugi. Jafnframt er ljóst að skemmtiferðaskip hafa jákvæð áhrif á efnahag svæðisins og má áætla að skemmtiferðaskip sem heimsækja hafnir Hafnasamlags Norðurlands skilji eftir sig um 8-10

milljarða króna á svæðinu. Þar af um 847 milljónir í hafnartekjur sem hafa gert höfninni kleift að sinna eðlilegu viðhaldi og uppbyggingu miklu betur en ella.

Lengi hefur verið kallað eftir betri dreifingu ferðamanna og ljóst er að enginn ferðamáti er betur til þess fallinn en skemmtiferðaskip til að dreifa ferðamönnum og því yrði um mikla afturför að ræða ef af afnámi tollfrelsis verður.

Akureyrarbær og Hafnasamlag Norðurlands skora því að ráðherra að beita sér gegn því að breytingar á tollfrelsi nái fram að ganga.

Með vinsemd og virðingu,

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri

Pétur Ólafsson, hafnarstjóri